LANDSPÍTALINN
BARNASPÍTALI HRINGSINS

Alþingi
Erindi nr. Þ117 / 40
komudagur 5/11 1993

BÁ/ilh.

Tilv. - Ref.

Félagsmálanefnd Alþingis
c/o Elín Blöndal
Alþingi
Þórshamri, 150 Rvk.

Reykjavík, 03.11.93

Kæra Elín.

Ég vil vísa í símtal okkar í dag, 03.11.93.

Stjórn Samtaka gegn asthma og ofnæmi er kunnugt um, að lög og reglugerðir um fjölbýlishús eru til endurskoðunar hjá Félagsmálanefnd Alþingis.

Við viljum koma þeirri skoðun okkar að, að ekki verði leyfilegt að hafa ketti og hunda í íbúð í stigagangi eða þar sem sameiginlegurinngangur er, nema með samþykki allra íbúanna.

Við höfum reynslu af því, að börn og fullorðnir með ofnæmi fyrir dýrunum geta liðið verulega af því, þegar dýr eru í sama húsi og þau.

Dæmi eru um að börn hafi þurft að leggjast inn á spítala af þessum sökum, en hitt er enn algengara, að þetta valdi langvarandi einkennum. Oft gengur illa að fá skilning fólks á þessu vandamáli.

Virðingarfyllst,

Björn Árdal, læknir,
meðstjórnandi í stjórn
Samtaka gegn asthma og ofnæmi.

Barnaspítali Hringsins (Department of Pediatrics)
LANDSPÍTALINN (National University Hospital)
101 Reykjavík
ISLAND

Póstfang (Mailing address)
Pósthólf (PO Box) 10
121 Reykjavík
ISLAND

Sími (Telephone)
91-601000
(354-1-601000)

Telefax 91-601519
(354-1-601519)

Telex 2354 Hosp is